

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur FFÁ foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	3. febrúar 2014 kl. 19.30 – 21.05
Fundarmenn:	Hörður Sigurðsson, Íris Leósdóttir, Guðni Björnsson, Hólmfríður Einarsdóttir og Karl Einarsson.
Fjarverandi:	Sigurður Grétarsson, Berglind Svavarsdóttir.
Ritað af:	Guðni Björnsson

1. Síðasta fundargerð

Afgreidd á næsta fundi.

2. Fulltrúaráðsfundurinn - samantekt

Ekki liggur fyrir skrifleg samantekt fundarins sem þótti vel heppnaður og vel sóttur með um 50 bekkjarfulltrúum og öðru fulltrúum úr foreldrastarfinu. Erindi frummælenda náðu vel til fólks sem urðu margs vísari um bekkjarbrag, liðan og tilfinningar nemenda og fyrirkomulag í íþróttakennslu skólans. Í hópastarfi var rætt um bekkjarstarfið frá hausti og hvernig bekkjarfulltrúar hyggðust á vorönn leggja enn meiri áherslu á öflugt foreldrastarf. Ákveðið að skrifa skólastjórnendum bréf með upplýsingum um helstu niðurstöður bekkjarfulltrúafundarins ásamt samantektinni.

3. Félagsgjöldin

Gíróseðlar verða sendir út í vikunni og á sama tíma fá foreldrar tölvupóst um verkefni FFÁ og hvernig félagsgjöldin standa undir öflugu foreldrastarfi.

4. Alþjóðadagur FFÁ

Hugmyndin er að byrja þennan fyrsta Alþjóðadag FFÁ með minna sniði en of stóru og stækka smá saman umfangið. Farið verður í samstarf við leikskólana í Álfheiði og Efstahjalla um hugmyndir og framkvæmd.

- Fengnir verða fulltrúar foreldra frá 5 helstu þjóðlöndum til að skipuleggja daginn.
 - Þessum 5 þjóðum boðið að vera með atriði, myndasýningu, dans, söng eða leik úr þeirra menningu.
 - Hlaðborð í miðjum sal sem allir foreldrar geta sett á lítinn matrött frá þeirra landi.
 - Nemendur fái að skreyta hlaðborðið með myndefni, fánnum og alþjóðlegu skrauti.
- Formanni falið að ræða við leikskólana og stjórnendur Álfhólsskóla um hugmyndina.

5. Foreldrafræðslan – Samskipti foreldra og barna, Páll Ólafsson flytur erindið.

Verður 13. febrúar en ekki 12. þar sem Hjallasalur var upptekinn þann 12. feb. Stjórnin leitar til skólans um að senda töskupóst með nemendum í lok vikunnar. Hringt verði í bekkjarfulltrúa í byrjun næstu viku til að ítreka fræðslufundinn.

6. Skólaferðalag 10. bekkinga

Stjórn FFÁ hefur styrkt útskriftarferð 10. bekkinga á vorin en undirbúningur ferðarinnar er að

hefjast hjá foreldrum bekkjanna. Formaður verður í sambandi við fararstjóra og skipuleggjendur og fylgist með undirbúningi.

7. Foreldraviðtöðin – stöðumat í Mentor

Stjórn FFÁ fagnar nýjum aðferðum skólans við stöðumat nemenda í gegnum Mentor. Þetta nýja stöðumat verður síðan grunnurinn að næsta foreldraviðtali eftir 2 daga. Stjórnin minnir á mikilvægi þess að skólinn haldi áfram að þróa þessi viðtöl þannig að allir foreldrar og nemendur skólans fái sem gleggsta mynd af stöðu nemanda og framvindu námsins. Þess vegna sé mikilvægt að auka samskipti foreldra og kennara í þessu ferli og gefa foreldrum kost á að hitta oft og betur alla kennara nemandans, sérstaklega þegar kemur á unglíngastigið. Stjórn FFÁ er tilbúin að stíga næstu skref með skólanum í að auka faglegt stöðumat og til að koma á auknum samskiptum foreldra og kennara.

8. Bekkjarfulltrúastarfið – könnun

Ákveðið að gera könnun meðal bekkjarfulltrúa um framvinduna í þeirra bekkjarstarfi. Þessi könnun yrði síðan endurtekin reglulega svo stöðug vinna sé í gangi um að finna betri lausnir.

9. Reglur um afmæli og gjafir

Til að mæta vaxandi misvægi í afmælishaldi og gjöfum hjá nemendum skólans leggur stjórn FFÁ til að skólinn taki forystu um að útbúa stefnu í þessu máli, samræmi á milli árganga og útfærslu á afmælishaldi innan veggja skólans, sem valmöguleika fyrir þá sem þess óska.

10. Fundur með skólastjóra

Ákveðið að bjóða skólastjóra á næsta stjórnarfund FFÁ mánudaginn 17. febrúar kl 19.30.

Önnur mál

- Erfiðlega gengur að finna fundartíma sem hentar öllum í stjórn FFÁ. Ákveðið að halda 2 fundi í mánuði til að byrja með svo fundarmenn hafi fleiri en eitt tækifæri í mánuði til að hittast.
- Næsti fundur verður mánudaginn 17. febrúar kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 21.05

rit. Guðni